

Varðar frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, 784. mál:

Sveitarstjórn Flóahrepps tekur undir innsendar athugasemdir Bláskógarbyggðar um frumvarpið sem hljóða eftirfarandi:

“Verði frumvarpið að lögum er nauðsynlegt að koma á virku samráði Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu við sveitarfélögin á landsbyggðinni. Lögreglustjórinn á Suðurlandi hefur t.a.m. haldið uppi mjög virku eftirliti með leyfisskyldri gististarfsemi og hefur m.a. ráðið starfsmann í hálfstöðugildi til að sinna því. Upplýst hefur verið um talsvert mörg brot og viðeigandi viðurlögum beitt. Hætt er við að eftirlitið á landsbyggðinni verði ekki eins virkt eftir að sektarheimildum og eftirliti verður komið fyrir hjá embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.

Þá vill sveitarstjórn beina því til Alþingis að úr því unnið er að breytingum á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald sé fullt tilefni til að þrengja heimildir til heimagistingar (90 daga reglan svonefnda). Það er mat sveitarstjórnar að heimildin sé of rúm og að margt sem í henni felst sé til þess fallið að raska eðlilegri samkeppni gagnvart leyfisskyldri gististarfsemi, einkum á landsbyggðinni þar sem ferðamannatímabilið er í sumum tilvikum ekki mikið lengra en 90 dagar að sumri.”

Sveitarstjórn Flóahrepps telur einnig mikilvægt að sveitarfélagið hafi aðgang að upplýsingum um nýtingu á gistirýmum innan sveitarfélagamarkanna. Samþykkt með 5 atkvæðum.“

Eydís Þ. Indriðadóttir
Sveitarstjóri Flóahrepps